Ed. **392. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. III. 3. (Ríkisráðskostnaður):
Fyrir »4000« kemur 6000

2. — 12. — 3. (Læknisvitjanir):
Liðurinn verður svo:
Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn 8200
Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924, þó þannig, að Kjósarhreppi er ætlaður 500 króna læknisvitjanastyrkur. Af upphæðinni er ibúum Ólafsfjarðarhrepps ætlaður viðbótarstyrkur, að upphæð 2000 kr., gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni.

3. — 12. — 4. (Læknisvitjun Kjósarbúa):
Liðurinn fellur niður.

4. — 12. — 5. (Læknishald í Ólafsfirði):
Liðurinn fellur niður.

5. Við 12. gr. 12. (Jón læknir Kristjánsson):
Fyrir »ferðastyrkur« kemur: endurgjald á ferðakostnaði.

6. — 12. — 13. (Ólafur læknir Lárusson):
Liðurinn verður svo:
Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar... 2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

7. — 12. — 18. a. (Landsspítali).
Liðinn skal orða svo:
Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands 100000

8. — 12. — 18. d. (Sjúkraskýli í Laugarási):
Fyrir »5000« kemur 4000

9. — 12. — 18. f. (Heilsuhælisfjelag Norðurlands):
Aftan við athugasemdina bætist:
og að trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.

10. — 13. — B. II. 3. (Þjóðvegir). Nýr liður:
Langadalsvegur 4000

11. — 13. — B. III. (Viðhald þjóðvega).
Liðurinn verður b.-liður undir B. II.

12. — 13. — B. XII. 7. (Gisting á Arngerðareyri):
Fyrir »400« kemur 200

13. — 13. — D. I. (Ritsímafjelagið):
Fyrir »umsamið árgjald til 1925« kemur: (lokaveiting).

14. — 13. — D. III. b. Liðurinn verður svo:
Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi, $^4/_5$ kostnaðar, alt að 2800

15. — 13. — D. IV. 2. (Aðalskrifstofa landssímanna):
Fyrir »11000« kemur 13000

16. — 13. — D. IV. 4. (Þráðlausa stöðin í Reykjavík):
Aftan við athugasemdina bætist:
Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna rítsímafjelagsins er á enda.

17. — 13. — E. (Vitamál): Liðatalan breytist svo:
II. verður V; III. verður II; IV. verður VI. a; V. verður III; VI. verður IV; VII. verður VI. b.

18. — 14. — A. 7. (Húsagerð á Skútustöðum):
Liðurinn fellur niður.

19. Við 14. gr. B. III. 8. Nýr liður:
Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum 2000

20. — 14. — B. VIII. 3.—4. (Eiðaskólinn):
Liðirnir verða 1. og 2. liður undir B. XIV.

21. — 14. — B. XII. 1. a. (Húsaleigustyrkur kvennaskólans í Rvík):
Fyrir »2000« kemur 5000

22. — 14. — B. XII. 2. b. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Nýr liður:
Til aðgerðar á skólahúsinu 3000

23. — 14. — B. XIII. 5. Nýr liður:
Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að.. 5000

24. — 14. — B. XIV. 2. (Hjeraðsskólar í sveitum):
Upphaf athugasemdarinnar (»Styrkurinn — — stjórnarráðinu«) skal orða svo:
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri skólans, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu — —

25. — 14. — B. XIV. 3. (Sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga):
Liðurinn fellur niður.

26. — 14. — B. XVIII. 4. (Sundlaugar):
Fyrir »1000« kemur 3000

27. — 15. — 1. b. (Landsbókasafn):
Liðinn skal orða svo:
Til aðstoðar 4800

28. — 15. — 3. b. (Aðstoð við Þjóðmenjasafnið):
Fyrir »1600« kemur 2400, og fyrir »4« í athugasemdinni kemur 6.

29. — 15. — 11. (Þjóðvinafjelagið):
Fyrir »1000« kemur 2000

30. — 15. — 16. Nýr liður:
Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar 800

31. — 15. — 17.
a. (Skáld og listamenn):
Fyrir »8000« kemur 10000
b. (Guðmundur Friðjónsson):
Liðurinn fellur niður.
c. (Jakob Thorarensen):
Liðurinn fellur niður.
d. (Stefán frá Hvítadal):
Liðurinn fellur niður.

e. (Halldór Kiljan Laxness):
Liðurinn fellur niður.

32. Við 15. gr. 19. (Þórbergur Þórðarson):
Aftan við liðinn bætist:
enda verði safnið eign ríkisins, að honum látnum.

33. — 15. — 21.
Fyrir »Eggerts Eiríkssonar (Briems) frá Viðey« kemur:
Eggerts Briems frá Viðey.

34. — 15. — 22. (Hannes Þorsteinsson):
Fyrir »landsins« kemur: ríkisins.

35. — 15. — 24. (Bjarni Sæmundsson):
Orðið »skólakennari« fellur burt.

36. — 15. — 35 a. (Einar Jónsson):
Aftan við athugasemdina bætist:
er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.

37. — 15. — 36. Nýr liður:
Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, fyrsti fjórðungur andvirðis 2500

38. — 16. — 1. (Búnaðarfjelag Íslands):
Fyrir »200000« kemur... 175000

39. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög):
Fyrir »10000« kemur 20000

40. — 16. — 11. c. (Efnarannsóknarstofan):
Nýr liður:
Til áhaldakaupa 2000

41. — 16. — 13. (Fiskifjelagið):
Fyrir »70000« kemur 60000

42. — 16. — 14. b. (Launabót fiskiyfirmatsmanna):
Fyrir »Skutilsfjarðareyri« kemur: Ísafirði.

43. — 16. — 18. Liðurinn verður svo:
Til lendingarbóta i Grindavík, þriðjungur kostnaðar, alt að 10000

44. — 16. — 19. (Markaðsleit):
Fyrir »10000« kemur 5000

45. — 16. 22. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga):
Fyrir »5200« kemur 6200

46. — 16. — 31. b. (Leiðbeinandi við húsagerð):
Liðurinn verður svo:
Ferðakostnaður 800

47. — 16. — 34. (Glanni og Laxfoss):
Liðurinn fellur niður.

48. — 16. — 37. (Loftur Guðmundsson):
Í stað orðanna »fyrir kvikmyndatöku« kemur: til um-

bóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert.

49. Við 16. gr. 40. (Lúðvík Jónsson):
Liðurinn fellur niður.

50. — 16. — 41. (Eigendur »Svans«):
Fyrir »6000« kemur: 4000

51. — 17. — 10. Nýr liður:
Til Rauðakrossfjelags Íslands 1000

52. — 18. — I. e. (Einar Þorkelsson):
Liðinn skal orða svo:
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923.

53. — 18. — II. b. 9. Nýir liðir:
a. Til Rannveigar Tómasdóttur 300
b. — Önnu Gunnlaugsson 400

54. — 18. — II. g. 3. (Ólöf Sigurðardóttir):
Fyrir »300« kemur: 500

55. — 18. — II. g. 5. Nýr liður:
Guðmundur Friðjónsson 1200

56. — 18. — II. i. 16. Nýr liður:
Til Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar ... 600

57. — 19. — (Óviss útgjöld):
Ný málsgrein:
Ennfremur er stjórninni heimilt að greiða Sveini Björnssyni, fyrrum sendiherra, 10000 kr., upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn vegna embættis síns.

58. — 22. — 5. Nýr liður:
Alt að 15000 kr. til endurbyggingar garðinum á Siglufjarðareyri. Lánið er veitt til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

59. — 23. — II. (Kjötútflutningur):
Á eftir orðinu »greiða« kemur: »að þrem fjórðu hlutum«.

60. — 25. — IV. (Ábyrgð fyrir Akureyrarkaupstað):
Liðurinn fellur niður.

61. — 25. — V. (Ábyrgð fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga):
Liðurinn fellur niður.